



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Bt. Vigfúsar Hallgrímssonar
Linnetsstígur 3
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 19. apríl 2017

1702080NA KEF
Málalykill: 21.11

Efni: Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2017

Hér með tilkynnist að stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2017-2018. Alls bárust umsóknir um styrki til 191 verkefnis frá 81 umsækjanda upp á tæpar 98 millj. króna. Ákveðið var að veita öllum verkefnum styrki og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 44.914.000.

Hér með staðfestist að Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, kt. 490996-2149, hlýtur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að hámarki **1.980.000** kr. sem svarar til **110 klukkustunda hið minnsta** til verkefnanna:

	Hámarksfjöldi klukkustunda. skv. umsókn
KANNTU AÐ VEITA LEIÐSÖGN? - Leiðsagnarmat fyrir skólastjórnendur	54
HVERSU FJÖLMENNINGARLEG(UR) ERTU? - Fjölmenningarleg kennsla og starfshættir í skólum	60
ER LÍF INNAN/UTAN SPJALDTÖLVUNNAR? - Spjaldtölvan sem samvinnutengt kennslutæki	167
ER LYKILHÆFNI LÍFLEIKNI? - Lífsleikni og lykilhæfni í grunnskólastarfi	107
VILYU EFLA LEIKNI Í LIST- OG VERKGREINUM? Aukin sköpun í list- og verkgreinum	57
SKILUR ÞÚ ÞAÐ SEM ÞÚ LEST? - Læsi á íslensku og stærðfræði og tvítýngi	127

Styrknum skal varið til símenntunar **félagsmanna Félags grunnskólakennara (FG)** og **Skólastjórafélags Íslands (SÍ)** og skal honum varið til leiðsagnar skv. umsókn.

Stjórn Námsleyfasjóðs felur hlutaðeigandi styrkþega að taka endanlega ákvörðun um ráðstöfun styrksins og forgangsraða þeim verkefnum sem styrkur er veittur til, t.d. fjármagnað eitt þeirra að fullu og sett annað/önnur í bið. Ekki er gert ráð fyrir að styrknum sé varið til annarra verkefna en upp eru talin hér að ofan.

Í 10. grein reglna um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er kveðið á um skriflega samninga um útfærslu verkefna og greiðslur og fylgir slíkur samningur hér með. Samningurinn er í tveimur eintökum og er ætlast til að bæði eintök séu undirrituð og öðru skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs sem allra fyrst.

Gert er ráð fyrir að verkefninu/verkefnunum verði lokið í lok skólaársins 2017-2018, í síðasta lagi. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Meðfylgjandi er einnig eyðublað fyrir greinargerð ásamt eyðublaði fyrir staðfestingu þátttakenda sem ber að skila til stjórnar Námsleyfasjóðs að verkefni loknu. Styrkir verða ekki greiddir fyrr en fullnægjandi greinargerð hefur verið skilað og tryggt er að verkefnið/verkefnin hafi náð fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun sem fram kemur í umsókn. Hafi fullnægjandi greinargerð ekki borist í síðasta lagi **1. september 2018** fellur styrkur niður.

Virðingarfyllt
NÁMSLEYFASJÓÐUR

Klara E. Finnbogadóttir

Klara E. Finnbogadóttir
starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs